

Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun (sogv)

Símafundur haldinn þann 4. maí 2010 kl. 10:00-11:30 og 13:30-15:00

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
 Böðvar Pétursson
 Eiríkur Björn Björgvinsson
 Elín Heiða Valsdóttir (hluta fundar)
 Hjalti Þór Vignisson
 Magnús Hallgrímsson (hluta fundar)
 Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri
 Þórunn Pétursdóttir
 Björg Ágústsdóttir, Alta
 Árni Geirsson, Alta
 Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Fjarverandi: Ólöf Ýrr Atladóttir

Dagskrá:

- Staða mála
- Heiti
- Farið yfir stjórnunar- og verndaráætlun, helstu kafla, einnig eftirfarandi atriði
 - Vegir
 - Skálar
 - Vonarskarð
 - Nafn á kaldar gestastofur
 - lokunarheimildir þjóðgarðsvarða - samráð við veghaldara
 - sexhjól
 - Fleira?
- Aðrir kaflar m.a.
 - leyfisveitingar og þjóðlendumál
 - IUCN flokkun
 - Víðerni - ósnortin víðerni
- Umhverfismatið - umhverfisskýrsla
- Önnur mál?
- Næstu skref

Anna Kristín setti fundinn.

Halldóra fór yfir fyrirkomulag. Mikilvægt að fara yfir allt það helsta sem eftir er til að hægt verði að ljúka stjórnunar- og verndaráætlun (sogv) strax eftir helgi. Áður en sogv verði auglýst þurfi formlegt samþykki allra stjórnarmanna að liggja fyrir.

- Farið var yfir sogv kafla fyrir kafla (fórum ekki yfir þá alla), rætt um viðfangsefni og þau lagfærð eftir atvikum. Alta mun síðan halda áfram að fínþessa sogv eftir fundinn og senda fundarmönnum sogv í heild. Niðurstaða umræðu á fundinum, ákvarðanir og útfærsla í texta sogv, verður færð beint á vefinn, en ekki tíunduð í þessari fundargerð.
- Kortamál. Tvö kort munu fylgja með sogv í auglýsingu, sem skýringarupprættir. Þau verða ekki samþykkt af ráðherra.
- Byrjað var á kafla 9. Farið var yfir hvern kafla fyrir sig og gerðar smávægilegar breytingar. Sú umræða er ekki tíunduð hér en niðurstaða þeirrar umræðu er færð beint inn í sogv. Umræða var allnokkur um Vonarskarð, en niðurstaða að lokum sú að halda Vonarskarði sem göngulandi. Mjög erfitt væri m.a. í praxís að halda leiðinni opinni í 1 mánuð á ári.
- Farið yfir skilgreiningar á víðernum/ósnortnum víðernum. Halldóra fór yfir „víðerni“ og „ósnortin víðerni“ og hvernig sú umræða hefur þróast síðasta áratug eða lengur, og sem lóð á vogarskálar



sem leiddi til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmiðið væri að halda sem stærstu svæðum ósnortnum og utan „manngerðra áhrifa“. Svæði sem eru ósnortin eru orðin mjög sjaldgæf og varla til í Evrópu lengur. Óbyggðir, eða „wilderness“ svæði eru skilgreind á mismunandi hátt eftir löndum. Á Íslandi liggur fyrir skilgreining hugtaksins „ósnortin víðerni“ í 3. grein náttúruverndarlaga, en í lögnum er þó ekki fjallað frekar um hugtakið eða sett nein ákvæði um það. Í greinargerð náttúruverndarlaga segir síðan að vísað sé til niðurstöðu starfshópsins til nánari skýringa á hugtakinu og merkingu þess. Niðurstaða starfshópsins geymir frekari leiðbeiningar um hvernig haga skuli umgengni og landnotkun á slíkum svæðum. Í tillögum frá svæðisráðum er stuðst við eigin skilgreiningu á „víðernum“, þar sem markmiðið hefur verið að stækka „víðerni“ sem slík, þ.e. halda frá stærri svæðum en þeim sem náttúruverndarlög skilgreina, án áhrifa mannsins. Það sem skiptir aðalmáli í þessari umræðu, er hvernig stjórn vill nýta sér þessa skilgreiningu og hvernig hún hefur áhrif á stjórnun og landnýtingu á slíkum svæðum.

Tekið var hádegishlé í þessari umræðu um 11:45. Þá fór Elín Heiða af fundi, en Eiríkur vék af fundi um 11:30.

Byrjað aftur kl. 12.30. Þá var Eiríkur aftur mættur. Eftir hádegi var Magnús í símasambandi við fundinn, með hléum.

.....

- Rætt áfram um víðerni. Niðurstaða umræðu að halda skilgreiningu á víðernum eins og gert er í tillögum svæðisráðanna. Þau verði þó kölluð „víðerni Vatnajökulsþjóðgarðs“ til að árétta aðgreiningu við „ósnortin víðerni“.
- Farið í samgöngukaflann og haldið þar áfram. Síðan farið yfir restina af köflum í 9. hluta. Meðal atriða sem þar var farið yfir var:
 - Vegakaflinn – viðbót sbr. 8. gr. vegalaga.
 - Skálar. Komið inn viðbótarákvæði. Skálar í einkaeigu – um þá er fjallað í 9.4. og 9.5 – þar sem er gert ráð fyrir almennum notum. Athuga þarf hvort ástæða er til að biðja um að eignarnámsheimild verði sett í lög um þjóðgarðinn – til að losa um slíka skála ef þörf er á og ríkir almannahagsmunir krefjast þess.
 - Kaldar gestastofur – ákveðið að halda sig við það hugtak.
 - Sexhjól – ekki er heimild skv. lögum/reglug. til að takmarka notkun sexhjóla til að sækja fellda bráð á hreindýraslóðum, sbr. reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Tekið út úr textanum – en rætt um að þetta væru atriði sem þyrfti að bæta skv. reglugerð.
 - Veiði, sbr. greinar 26-28 í reglugerð (sem mætti skýra nánar):
- Farið lauslega yfir kafla 2.4. – búið að bæta inn atriðum skv. athugasemdum Böðvars, um að tilkynna skuli þjóðgarðsverði um fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Farið yfir þann hluta í 2.4. sem fjallar um þjóðlendur. En þar sem eru þjóðlendur, þar þarf forsætisráðherra að veita leyfi fyrir tiltekinni notkun/framkvæmdum. Skoða þarf samhengið við löggjöf um VJÞ – en í dag er ekki neitt sem vísar til þess að vjþ sé undanþeginn slíkri meðferð, umfram aðra.
- Rætt um heiti áætlunar, Anna Kristín lagði til: Stjórnunar- og verndaráætlun – undirtitill: Starfsemi, náttúruvernd og önnur landnotkun í Vatnajökulsþjóðgarði. Hjalti lagði til: Náttúruvernd, útivist og byggðaþróun. Niðurstaða að velja tillögu Hjalta.
- Halldóra sagði frá fundi sem haldinn var 3. maí með Roger Croft sem m.a. starfar sem ráðgjafi fyrir IUCN. Á fundinum var sögð þýdd fyrir Roger gróflega þannig að hann hafði yfirsýn um nággun vinnunnar og innihald. Roger lýsti yfir ánægju með sög við fyrstu sýn. Rætt var við hann um flokkun IUCN og hvernig hún félli að þjóðgarðinum. Hann sagði að þjóðgarðurinn gæti allur fallið undir flokk II hjá IUCN, miðað við upplaggið núna. Hins vegar væri ekkert því til fyrirstöðu að taka tiltekin svæði og fella stýringu á þeim undir aðra flokka. Flokkar sem í því sambandi voru nefndir voru Ia¹-friðland, svæði sem stjórnað er vegna vísindalegs gildis, Ib - friðlýst víðerni, sem stjórnað er einkum til verndar óbyggðum/víðernum - „Wilderness“ svæði eða víðerni, III-náttúruvætti, til að varðveita afmörkuð náttúruleg fyrirbæri, V- landslagsverndunarsvæði, friðað m.t.t. varðveislu landslags eða sjávarsvæða og fyrir útivist, dæmi Cairngorms og Hohe Tauern

¹Heiti flokka og skilgreiningar eru uppúr þýðingu frá Umhverfisstofnun á flokkum IUCN síðan 2006 ca. hún er ekki alveg rétt lengur, en gefur réttan tón. Nýjasta skilgreining frá IUCN er frá 2008.



sem er bæði flokkað sem II og V, og VI - verndað landnýtingarsvæði, sem stjórnað er einkum fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegra vistkerfa. Roger benti á að flokkur VI hefði lítið sem ekki verið notaður í Evrópu, en hann gæti verið áhugaverður fyrir þau svæði, þar sem beit er heimil skv. reglugerð. Roger taldi að Lakagígar gætu mjög vel fallið að III ofl. svæði sbr. minnisblað sem hann sendi stjórn í fyrr viku, um sínar hugmyndir að „The Vatnajokulsþjóðgarður greater area park...“. Einnig gæti verið áhugavert að setja jökulsker s.s. Esjufjöll undir Ia. Ib -viðerni, ætti ekki við í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem ekki mæti aka á slíkum svæðum hjá IUCN, en vetrarakstur er nær alls staðar leyfður í þjóðgarðinum. Alta benti á að einfaldast væri að flokka þjóðgarðinn núna skv. flokkum II og VI, þar sem VI næði yfir öll þau svæði – sbr. viðauka III – þar sem reglugerð leyfir sjálfbæra landnýtingu. Þó væri vert að hafa í huga við næstu endurskoðun sogv að endurskoða þessa skilgreiningu m.a. m.t.t. breytinga sem kynnu að hafa orðið á stærð þjóðgarðsins, nýtungu svæða ofl. Stjórn samþykkti að leggja upp með tvo flokka og fól Alta að leggja til texta í sogv með þessum áherslum, þar sem einnig væri lögð áhersla á að skoða þyrfti í hvert sinn þegar nýtt svæði kæmi inn, undir hvaða flokkun IUCN það svæði ætti að falla.

- Rætt um auglýsingaferlið framundan og tímasetningar. Anna Heiða bað um að ekki yrði auglýst fyrr en eftir næstu helgi, því Vestursvæðið væri að ljúka við sína skýrslu og hún kæmi fram n.k. mánudag. Þar sem sogv byggir lögum samkvæmt á tillögum frá svæðunum, þá þurfi þær að liggja fyrir áður.

Ákveðið að allir stjórnarmenn fái lokaplagg í pdf-útgáfu í vikulokin. Þeir lesi og sendi athugasemdir sínar jafnóðum til Alta. Gert er ráð fyrir stjórnarfundum til öryggis – ef á þarf að halda – n.k. mánudagsmorgun, 10. maí, kl. 09.00 til 10:30. [*Innskot Alta, ekki rætt á fundinum: Við leggjum til að haldinn verði fundur á mánudagsmorgun til að fara yfir sogv t.a. tryggja að ekki verði misskilningur einhvers staðar, því stjórn þarf að samþykkja sogv eins og áætlunin er, áður en hún er auglýst.*]

Ákveðið að auglýsa sogv í byrjun næstu viku, eða um leið og tillaga frá Vestursvæði liggur fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.00.

Fundarritarar Halldóra og Björg

